ÍSLENSK VERÐBRÉF

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

1 Gildissvið og tilgangur

1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga á nr. 116/2021 um verðbréfasjóðir, laga nr. 45/2020 um rekstaraðila sérhæfðra sjóða, lögum nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 og 2017/565, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 64/2014 um aðskilnað starfssviða. Þá er hliðsjón höfð af 33-35. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565, 2. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 231/2013, auk III. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

1.2. Reglurnar fjalla um hvernig Íslensk verðbréf hf. (hér eftir „**ÍV**“ eða „**félagið**“) greinir hagsmunaárekstra, fylgist með þeim og kemur í veg fyrir að hagsmunaárekstrar komi upp í starfsemi ÍV.

2 Skilgreiningar

2.1. Hugtakið hagsmunaárekstrar er í reglum þessum notað yfir þær aðstæður sem geta komið upp þegar ÍV þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að koma einum aðila í betri stöðu á kostnað annars. Þar að auki getur til þess komið að hagsmunir starfsmanna félagsins og stjórnar, eða félagsins sjálfs, fari ekki saman.

2.2. Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli:

a) Tveggja viðskiptamanna;
b) Mismunandi sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV;
c) ÍV og viðskiptamanna í eignastýringu, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV;
d) Starfsmanna ÍV og viðskiptamanna í eignastýringu, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV;
e) Starfsmanna ÍV og félagsins.

2.3. Við mat á hagsmunaárekstrum í tilviki starfsmanna skal ekki eingöngu litið til hagsmuna viðkomandi starfsmanns heldur sömuleiðis nánustu fjölskyldu starfsmanns og fyrri starfa eftir því sem við á.

3 Greining hagsmunaárekstra innan ÍV

3.1. ÍV hefur skilgreint mögulegar aðstæður og atvik þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp, sbr. lista yfir mögulega hagsmunaárekstra í viðauka I. Listinn skal uppfærður reglulega. Jafnframt skal endurskoða reglulega aðferðir til að takmarka hagsmunaárekstra. Til að lágmarka hættu á að hagsmunaárekstrar endurtaki sig skal ÍV halda skrá yfir hagsmunaárekstra sem upp koma. Þá skal gera greinarmun á því hvort um tilfallandi eða viðvarandi hagsmunaárekstur kunni að vera að ræða og beita viðeigandi úrræðum.

3.2. Þegar metið er hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum í starfsemi ÍV skal litið til allra aðstæðna í tengslum við viðskiptin svo sem:

3.2.1. Hvort líklegt sé að ÍV, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur ÍV í gegnum yfirráð, njóti fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tjón á kostnað viðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV;

3.2.2. Hvort ÍV, starfsmaður ÍV eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur ÍV í gegnum yfirráð, hefur hagsmuna að gæta af þeirri þjónustu sem veitt er, eða hver niðurstaða tiltekinna viðskipta verður;

3.2.3. Hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá ÍV, starfsmanni ÍV

eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur ÍV í gegnum yfirráð, til þess að setja hagsmuni tiltekins viðskiptamanns, sjóðs, sjóðsdeildar eða hóps viðskiptamanna framar hagsmunum annars viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar;

3.2.4. Hvort starfsmaður ÍV framkvæmi sömu starfsemi fyrir tiltekinn sjóð og fyrir annan sérhæfðan sjóð, verðbréfasjóð eða viðskiptavin.

3.2.5. Hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá ÍV, starfsmanni ÍV eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur ÍV í gegnum yfirráð, tekur við eða muni taka við umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptamanni í formi peninga, vöru eða þjónustu annarri en venjubundnum umboðslaunum eða þóknunum fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptamanni.

3.3. ÍV skal tryggja að einstakar eignir sérhæfðs sjóðs séu metnar á fullnægjandi hátt og í samræmi við verðmatsaðferðir og verðmatsverklag. Meiri líkur kunna að vera á að sumar eignir séu verðmetnar á ófullnægjandi máta, sérstaklega þegar um er að ræða flókna og illseljanlega fjármálagerninga. ÍV skal skilgreina, stjórna og vakta hagsmunaárekstra milli fjárfesta sem óska eftir því að innleysa fjárfestingar sínar og fjárfesta sem vilja halda fjárfestingum sínum í sérhæfðum sjóði og árekstra milli hvata ÍV til að fjárfesta í illseljanlegum eignum og innlausnarstefnu sérhæfða sjóðsins í samræmi við skyldur hans skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.

4 Aðferðir til að takmarka hagsmunaárekstra

4.1. Koma skal í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem ÍV veitir. Í því felst m.a. að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður ÍV framkvæmir verðbréfaviðskipti.

4.2. Til staðar eru innri reglur og verkferlar er taka á þeim tilvikum þar sem hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns. Á þetta m.a. við um eigin viðskipti starfsmanna ÍV; um viðskipti ÍV fyrir eigin reikning auk reglna um gjafir og umbun.

4.3. Draga skal úr hættu á hagsmunaárekstrum með skipulagi ÍV og aðgreiningu starfssviða. Starfsemin skal aðgreind, þannig að ekki sé hætta á flæði upplýsinga á milli þeirra við dagleg störf. Skipulag tölvukerfa skal einnig vera með þeim hætti að það tryggi aðgreiningu sviðanna.

4.4. Vegna tengsla ÍV við eiganda virks eignarhlutar er lögð sérstök áhersla á aðgreiningu og óhæði félagsins frá eigendum þess og gegnsæi í viðskiptum þessara aðila. Þannig er starfsstöð félagsins aðgreind frá starfsemi eiganda virks eignarhlutar og gerðir skriflegir samningar um viðskipti milli aðila og viðskipti að öðru leyti rekjanleg.

4.5. Um stjórn ÍV gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taka til tengist einstökum viðfangsefnum.

4.6. Aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptamanna, til dæmis:

4.6.1. Hafa til staðar innri reglur og verkferla er taka á þeim tilvikum þar sem starfsmenn taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

4.6.2. Tryggja að verkefni sem valda hagsmunaárekstrum hjá tilteknum starfsmanni félagsins séu færð til óháðs starfsmanns eða starfsmanna.

4.6.3. Koma í veg fyrir að starfsmenn sem taka þátt í annarri starfsemi en starfsemi félagsins hafi óviðeigandi áhrif á viðskipti tengd hagsmunum þeirra aðila. Félagið hefur sett sér reglur um heimildir starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri.

4.6.4. Koma í veg fyrir að helstu stjórnendum sé mögulegt að beita sér í ákvarðanatöku í

viðskiptum sem varða hagsmuni annarra stjórnenda eða gefa ástæðu til að ætla að óhæðis sé ekki fyllilega gætt svo telja megi að um hagsmunaárekstra sé að ræða. Félagið hefur sett sér reglur um viðskiptaerindi stjórnarmanna og reglur um viðskipti starfsmanna við félagið. Jafnframt er fjallað um viðskiptaerindi stjórnarmanna í starfsreglum stjórnar.

4.6.5. Tryggja að viðskipti starfsmanna og nákominna fari fram á armslengdarkjörum. Félagið hefur sett sér reglur um viðskipti starfsmanna við ÍV.

4.6.6. Koma í veg fyrir að helstu stjórnendur taki stjórnendastöður í keppinautum félagsins, nema um sé að ræða lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun sbr. 10. gr. reglugerðar ESB/575/2013 sbr. 2020/EES/12/01, sömuleiðis í tilviki stofnana sem eiga undir 7. mgr. 113. gr. sömu reglugerðar eða um sé að ræða fyrirtæki innan samstæðu VÍS. ÍV hefur sett sér reglur um heimildir starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri. Þá taka lög og reglur á aðkomu stjórnarmanna að öðrum eftirlits-skyldum aðilum.

4.7. Framangreindar ráðstafanir taka mið af stærð og eðli starfsemi ÍV sem og hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir viðskiptamanna skarist.

5 Upplýsingagjöf

5.1. Ef starfsmaður ÍV telur líkur á hagsmunaárekstri eða telur hagsmuni hafa rekist á, sem kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV, skal hann senda tölvupóst til regluvarðar á netfangið: regluvarsla@iv.is þar sem hagsmunaárekstri er lýst.

5.2. Í þeim tilvikum er til hagsmunaáreksturs kemur, er hefur eða kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns og ÍV telur ráðstafanir sínar ekki vera fullnægjandi, skal upplýsa viðskiptamann um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins. Tilkynning til viðskiptamanns skal send á varanlegum miðli og skal innihalda nægjanlegar upplýsingar m.t.t. viðskiptamanns svo hann geti tekið afstöðu til viðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrinum.

5.3. Þegar upp koma alvarlegir hagsmunaárekstrar sem ÍV er ekki heimilt að upplýsa einstaka viðskiptamenn um mun félagið ekki veita þjónustu sem kemur til með að tengjast framangreindum árekstrum.

5.4. Félaginu er óheimilt að eiga viðskipti við eða fyrir hönd viðskiptamanns þegar ekki er unnt að forðast hagsmunaárekstra eða stýra þeim með innri reglum félagsins, nema viðskiptamaðurinn hafi verið upplýstur um mögulega hagsmunaárekstra, áhættuna sem félaginu þykir af þeim stafa ásamt þeim leiðum sem félagið telur tækar til að takmarka þá áhættu. Í slíkum tilvikum skal skýrt samþykki viðskiptamanns liggja fyrir um viðskiptin ásamt samþykki viðskiptamanns þess efnis að hann vilji engu að síður taka þátt í viðkomandi viðskiptum.

5.5. Það úrræði sem fram kemur í grein 5.4 skal notað sem þrautavaraúrræði og aðeins í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að skilvirkar skipulags- og stjórnunarráðstafanir félagsins sem ætlað er að takast á við hagsmunaárekstra duga ekki til svo komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist.

6 Þjónusta miðlara

6.1. Nýti ÍV sér þjónustu miðlara í skilningi 22. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir hönd sjóðs skulu skilmálar þjónustunnar koma fram í skriflegum samningi milli aðila, sbr. 5. mgr. 22. gr. sömu laga. Ef framsal eða önnur ráðstöfun eigna sjóðs er heimil skal um það getið í samningnum og skal slíkt jafnframt vera í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs. Í samningi skal kveðið á um að vörsluaðili hlutaðeigandi sjóðs verði upplýstur um tilvist samningsins. ÍV skal leitast við að velja miðlara af kostgæfni.

7 Skjölun

7.1. Ef upp kunna að koma atvik sem talin eru til hagsmunaárekstra eða vart verður við atvik sem kunna að verða til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum skal félagið skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðkomandi hagsmunaárekstra, hvort sem þeir eru tilkynntir til viðskiptamanns eða ekki. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun félagið skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðskiptamann, þjónustu sem óskað var eftir eða veitt var og viðbrögð félagsins.

7.2. Skrá skal haldin yfir þær ákvarðanir sem kunna að vera teknar vegna viðkomandi atviks. Það skal nákvæmlega skráð ef slíkt atvik hefur verið samþykkt og þá tilgreina hvernig atvikið hefur verið meðhöndlað, til hvaða aðgerða hafi verið gripið af hálfu félagsins og af hverju umræddir hagsmunaárekstrar teljist fullnægjandi af hálfu félagsins án frekara inngrips.

7.3. Hagsmunaárekstrar sem kunna að koma upp hjá stjórn félagsins, hvort sem eru einstaklingsbundnir eða í heild, skulu sérstaklega skráðir. Slíkir hagsmunaárekstrar skulu teknir fyrir af hálfu stjórnar, þar ræddir og leiddir til lykta. Kappkostað skal að skjala hvert skref frá því að vart verður við slíka hagsmunaárekstra fram til endanlegrar afgreiðslu.

7.4. Félagið skal geyma gögn sem sýna fram á að allar þóknanir, umboðslaun eða ófjárhagslegur ávinningur sem fyrirtækið lætur í té eða móttekur hafi þann tilgang að bæta viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn með því að:

7.4.1. halda innri skrá yfir allar þóknanir, umboðslaun og ófjárhagslegan ávinning sem verðbréfafyrirtækið fær frá þriðja aðila í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, og

7.4.2. skrá hvernig þóknanir, umboðslaun og ófjárhagslegur ávinningur sem verðbréfafyrirtækið lætur í té eða fær, eða sem það hyggst nota, bætir þjónustuna sem veitt er viðkomandi viðskiptavinum og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að draga ekki úr hlítni við þá skyldu fyrirtækisins til að starfa heiðarlega, af sanngirni og faglega þannig að hagsmunum viðskiptavinarins sé þjónað sem best.

8 Eftirfylgni

8.1 Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

8.2 Sérstakt eftirlit skal haft með sjóðstjórum sem annast sameiginlega stýringu eignasafns fyrir hönd þeirra viðskiptavina eða fjárfesta, eða veita þeim þjónustu, sem geta átt í hagsmunaárekstrum eða eru fulltrúar mismunandi hagsmuna sem geta stangast á, þ.m.t. en ekki takmarkað við, hagsmunir rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

8.3 Regluvörður heldur skrá yfir þau tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér raunverulega hættu á því að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV skaðist eða muni skaðast.

8.4 ÍV endurskoðar reglulega reglur þessar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum auk þess sem verklagsreglur og verkferlar eru reglulega endurskoðaðir m.t.t. reynslu af hagsmunaárekstrum, sbr. gr. 3.1.

9 Breytingar og gildistaka

9.1 Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn ÍV hefur samþykkt þær.

9.2 Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra.

10 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	• Ný stefna

11 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Stjórn	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Varnir gegn hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins.		
Gildissvið:	Reglurnar ná til ÍV, þ.m.t. stjórnar félagsins, forstjóra og stjórnenda.		
Yfirskjal:	Stefna um reglufylgni og stefna um varnir gegn hagsmunaárekstrum		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.

VIÐAUKI I Listi yfir mögulega hagsmunaárekstra

Greindir mögulegir hagsmunaárekstrar í starfsemi ÍV:

1. ÍV, starfsmenn ÍV eða tengdir aðilar hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar í rekstri ÍV.
2. ÍV, starfsmenn ÍV eða tengdir aðilar hafa aðra hagsmuni af útkomu verðbréfaviðskipta en viðskiptamaður, sjóður eða sjóðsdeild í rekstri ÍV.
3. ÍV, starfsmenn ÍV eða tengdir aðilar hafa hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri ÍV á kostnað annarrar.
4. ÍV, starfsmenn ÍV eða tengdir aðilar fá þóknun frá öðrum en viðskiptamanni í tengslum við þjónustu ÍV.
5. ÍV eða tengdir aðilar fá rausnarlegar gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina ÍV.
6. Skagi hf. er eigandi virks eignarhluta í ÍV og er jafnframt eigandi eins stærsta viðskiptavinar félagsins.
7. Skagi hf. er eigandi virks eignarhluta í ÍV og annast jafnframt verkefni fyrir ÍV samkvæmt samningum um útvistun gegn þóknun frá ÍV. Þessari tilhögun er ætlað að leiða til hagræðingar og bættrar þjónustu við viðskiptavini en getur jafnframt leitt til hagsmunaárekstra vegna eignatengsla annars vegar og viðskiptahagsmuna hins vegar á grundvelli fyrrnefndra samninga um útvistun verkefna.
8. Aðili sem hvorki stjórnandi eða stjórnarmaður í ÍV hafi afskipti af stjórnun félagsins í krafti eignarhalds.
9. Starfsmenn ÍV hafa hagsmuna að gæta vegna eignarhalds síns á hlutafé í Skaga hf. sem er móðurfélag ÍV.
10. Starfsmenn ÍV hljóta ávinning með því að láta hagsmuni móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis ganga fyrir á kostnað sjóða með kjörum eða með því að beina viðskiptum þangað þegar hagstæðara er að beina viðskiptunum annað.
11. Starfsmenn ÍV eiga viðskipti með verðbréf þar sem þeir láta eigin hagsmuni ganga framar hagsmunum sjóða eða viðskiptavinar í eignastýringu við ákvörðunartöku um kaup og sölu.
12. Starfsmenn ÍV hafa áhrif á seljanleika verðbréfa, t.d. með því að selja eigin bréf í stað bréfa sjóða þegar eftirspurn er lítil.

Greindir mögulegir hagsmunaárekstrar á milli starfsmanna og félagsins:

1. Vegna fjárhagslegra hagsmuna félagsins, s.s. í þeim tilvikum þar sem starfsmaður eða stjórnandi félagsins á eignarhlut eða hverskonar eignarrétt í viðskiptavini félagsins, lán veitt fyrirtæki í eigu starfsmanns félagsins eða fyrirtækis þar sem starfsmaður félagsins er í stjórn.
2. Náið samband starfsmanns við hluthafa félagsins, hvort sem er vinnutengt eða persónulegt.
3. Framkvæmd viðskipta varðar hagsmuni starfsmanns, fjölskyldu hans eða annan þann sem er í persónulegu eða viðskiptalegu sambandi við starfsmann félagsins.
4. Önnur eða fyrri störf starfsmanns sl. 5 ár.
5. Persónuleg eða viðskiptaleg tengsl við aðra sem kunna að hafa hagsmuni af viðskiptum

framkvæmdum af félaginu.

6. Pólitísk áhrif eða pólitísk tengsl starfsmanns.

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra milli stjórnar og félagsins

1. Hverskonar atvik sem kann að hafa áhrif á getu stjórnarmanns til að taka hlutlægar ákvarðanir í þágu félagsins.
2. Um slíka hagsmunaárekstra og viðbrögð við þeim er nánar fjallað í starfsreglum stjórnar og reglum félagsins um viðskiptaerindi stjórnarmanna.

Ekki skal litið svo á að um hagsmunaárekstra sé að ræða ef gagnstæðir hagsmunir eru taldir minniháttar, s.s. að rekja til eignarhlutar innan *de minimis* mælikvarða.